

STARFSREGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja.

1. gr.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjaneshús, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands hafa komið á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Suðurnesja.

Hver sveitarstjórn hefur kosið tvo fulltrúa í nefndina og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands sinn hvorn fulltrúann. Hver aðili að nefndinni, sbr. 1. mgr., fer með tvö atkvæði á fundum. Skipulagsstofnun tilhefndir fulltrúa til að starfa með nefndinni og hefur hann full réttindi nefndarmanns önnur en atkvæðisrétt.

2. gr.

Samvinnunefndin kýs sér formann og varaformann. Framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum er ráðinn ritari nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétt án atkvæðisréttar.

3. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er tvíþætt. Annars vegar að vinna nýtt svæðisskipulag fyrir Suðurnesin og hins vegar að fjalla um og afgreiða breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja.

4. gr.

Fundi í samvinnunefnd skal halda eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Fundargerðir skal senda til nefndarmanna og oddvita sveitarfélaganna. Skulu fundargerðir jafnan lagðar fram á næsta fundi til samþykktar. Formaður boðar til funda með a.m.k. 3 daga fyrirvara. Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður og helmingur nefndarmanna eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um ákvarðanir og afgreiðslur samvinnunefndarinnar, takist það ekki ræður afl atkvæða.

Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags, skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar eða Varnarmálastofnunar Íslands að fulltrúum þess fjarstöddum. Samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga telst svæðisskipulag, eða breyting á því, samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands hafa samþykkt það. Samvinnunefnd sendir samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

5. gr.

Samvinnunefnd ræður sér skipulagsráðgjafa til að stýra vinnu við gerð svæðisskipulags-áætlunar. Við hann skal gerður skriflegur samningur. Samvinnunefnd hefur heimild til að ráða til sín aðra ráðgjafa eftir því sem þörf er á. Kostnaður vegna svæðisskipulags Suðurnesja greiðist, í samræmi við áðurgreindan samning, til helminga á milli Skipulagssjóðs annars vegar og sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar 2008, skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnunar Íslands hins vegar: Skipulagssjóður greiðir 50%, Reykjaneshús 28,6%, Grindavíkurbær 6,0%, Sandgerðisbær 3,7%, Sveitarfélagið Garður 3,1%, Sveitarfélagið Vogar 2,6%, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 3,0% og Varnarmálastofnun Íslands 3,0%. Hvert sveitarfélag um sig, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, Varnarmálastofnun Íslands og Skipulagsstofnun bera kostnað af þátttöku sinna fulltrúa.

Kostnaður vegna einstakra breytinga, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

Nr. 233

12. febrúar 2009

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2009